

áð því litla sem þeir áttu. Eftir hann er bréfið góðkunna þar sem hann biður vanþakklátum en iðrandi frelsingja líknar. Í öllum greinum þolir það vel samanburð við bréf Páls til Philemons, þar sem hann leitar sáttu fyrir þrælinn Onesimus.

Það er sorglegt til þess að vita að jafn hjartahreinn maður eins og Plinius var, skyldi vera knúður, sér mjög þvert um geð, til þess að ofsækja kristindóminn vegna fávísis og ofstækis beggja málsaðila, þar sem siðferðis skoðanir hans virðast þó hafa verið þær sömu og kristninnar.

Það er vafalaust að kristindómurinn hefir átt stóran þátt í því að draga mannkynið saman í eina fjölskyldu og efslu hluttekningu og hjálpssemi manna á meðal, en þættirnir hafa verið fleiri, er styrkt hafa og stuðlað að viðgangi þeirra tilfinninga og gjört þær sýnilega virkilegar. Sé hugmyndin um „alsherjar bróðurskyldleikann“ sýnilegri nú á tímum og í framkvæmdum áþreifanlegri heldur en var til forna, þegar einhver alsherjar óhamingja ber að höndum, eins og Messina jarðskjálftinn, þá gleymum ekki því, að það er vel til því að þakka, að þekkingin er meiri nú á döguin heldur en þá og möguleikarnir betri til að koma þeirri hugmynd í framkvæmd, heldur en hinu að vér höfum ástæðu til að áfella fornöldina fyrir algjört mannúðarleysi.

Þess utan væri það ekki lítil vanvirða „trúarbrögðum kærleikans“, sem sagt er að fært hafi mannkærleikann inn í heiminn, gæti þau ekki eftir jafnlangann tíma méir en komist til jafns við fornöldina í þessum efnum. Og þó skyldi kristindómurinn ekki gjörast sjálfhælinn um of. Það er margur maður, er sér alteins dökka díla á kristinni síðmenningu eins og nokkrusinni sáust til forna. En sé sú skoðun um of svartsýn, þá munu jafnvél samt þeir allra bjartsýnustu nú á vorum dögum segja oss, að vér skulum ekki gjörast of farlseiskir og þakka guði fyrir að vér séum miklu betri en þessi heiðna síðmenning fornaldarinnar, né hugsa að vér séum í öllu orðnir alfullkomnir, því það eigi enn þá nokkuð langt í land.“

